

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Akraneskaupstaður Akranesi



<b>Dags eftirlits</b>	4.7.2013	<b>Fulltrúi UST</b>	Sigrún Guðmundsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Akraneskaupstaður	<b>Fulltrúi UST</b>	
<b>Heimili</b>		<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	4101694449	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	enginn	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	354666,845 429304,361

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Á urðunarstaðnum reyndist vera nokkuð magn af óbirgðum óvirkum úrgangi. Svæðið er afgirt og hlið læst en á skilti á hliði voru upplýsingar um tengilið vegna losunar óvirks úrgangs á staðnum. Gildistími starfsleyfis urðunarstaðar Akraneskaupstaðar fyrir óvirkan úrgang rann út 4.12.2012 en það var gefið út 4.12.2002. Meðhöndlun á úrgangi er leyfisskyld og því óheimil á svæðinu nú. Skv. upplýsingum rekstraraðila hefur úrgangur ekki verið fluttur á urðunarstaðinn frá því að starfsleyfi rann út. Lágmarkskrafa sem gerð er við lokun urðunarstaða (starfsleyfi útrunnið) er að leiðbeiningar um losun séu fjarlægðar og úrgangur hulin að fullu. Lokunaráætlun rekstraraðila hefur borist og eru lokunarfyrirmæli nú í vinnslu. Síðustu niðurstöður mælinga á vatni frá urðunarstaðnum eru frá árinu 2010.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir stöðu lokunar urðunarstaðarins og hann skoðaður m.t.t. þess.

### Frávik frá

Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, gr. 7.1 þar sem m.a. segir „Allur atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, skal hafa gilt starfsleyfi,“

### Lýsing á fráviki

Starfsleyfi er runnið út en úrgangur er á staðnum og ummerki um að urðunarstaðurinn sé í rekstri.

## ANNAÐ

28.6.sl. barst Umhverfisstofnun lokunaráætlun rekstraraðila og eru lokunarfyrirmæli nú í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.

Reykjavík, 17.07.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.